



Áhersla á að þjóna viðskiptalífinu

45. sæti
LOGOS

ÞÓRÓLFUR JÓNSSON

LOGOS, stærsta lögmannstofa landsins, varð til með samruna Málflutningskrifstofunnar Suðurlandsbraut 4a og A&P lögmannna. Fyrirtækið rekur sögu sína allt aftur til ársins 1907

þegar Sveinn Björnsson, sem síðar varð fyrsti forseti Íslands, opnaði fyrstu málflutningskrifstofu landsins í Kirkjustræti í Reykjavík. LOGOS er 45. sæti á heildarlista Creditinfo yfir framúrskarandi fyrirtæki og engin lögmannstofa er ofar á þeim lista.

LOGOS skilaði ríflega 800 milljóna króna hagnaði árið 2015 samanborið við ríflega 600 milljóna hagnað árið 2014. Eiginfjárlutfallið árið 2015 var 40,2%.

Þórólfur Jónsson hæstaréttarlögmaður er einn eigenda LOGOS og formaður stjórnar. Hann segir að reksturinn hafi gengið mjög vel síðustu ár. „Það er ekki búíð að gera síðasta ár upp en mér sýnist að það hafi verið mjög gott.“

Þórólfur segir að yfirlýst stefna LOGOS sé að vera fyrsti valkostur viðskiptalífsins.

„Við höfum sett okkar fókus á að þjónusta atvinnulífið, hvort sem það eru stór, meðalstór eða minni fyrirtæki,“ segir Þórólfur. „Fyrir vikið hafa okkar verkefni í stórum dráttum snúið að þeim þáttum sem eru ofarlega á baugi hjá fyrirtækjum. Má til dæmis nefna kaup og

sölu á fyrirtækjum, reglur sem gilda um skráð fyrirtæki á markaði, fjármögnun fyrirtækja, samkeppnismál, hugverkarétt og vinnurétt. Ég tel að við höfum náð að marka okkur góðan sess á þessum sviðum. Að öllu jöfnu höfum við verið að vinna fyrir mörg af staðilegri fyrirtækjum landsins og um helming þeirra fyrirtækja sem skráð eru á markað.“

Eins og áður sagði er LOGOS stærsta lögfræðistofan með um 80 starfsmenn, þar af eru um 60 lögfræðingar. „Auk þess að vera með skrifstofu hér á landi erum við með skrifstofu í London. Þar eru tólf starfsmenn,

þar af níu lögfræðingar. Síðustu ár hefur afkoman í London verið mjög fin og reksturinn staðið undir um 30% af heildarhagnaði fyrirtækisins. Skrifstofan í London hefur gefið okkur smá sérstöðu umfram aðra. Íslendingar eru í töluverðum viðskiptum í Englandi og því við höfum getað veitt viðskiptavinum, sem eru að leita þangað út, áframhaldandi þjónustu og ráðgjöf. Að sama skapi höfum við getað þjónustað

ensk eða erlend fyrirtæki sem horfa til Íslands.“

Þórólfur segir mjög jákvætt fyrir LOGOS að vera á lista yfir framúrskarandi fyrirtæki.

„Við höfum lagt metnað okkar í að vanda okkur í því sem við gerum. Við viljum sýna ábyrgð og stunda heiðarleg vinnubrögð og sú staðreynd að við séum á þessum lista sýnir að við erum að gera hlutina rétt.“

Þórólfur segist bjartsýnn á framhaldið. „Lögfræðingar þrífast verst í kyrrstöðu og það eru merki um að það sé nokkur hreyfing á atvinnulífinu, sem hentar okkur vel.“



Að öllu jöfnu höfum við verið að vinna fyrir mörg af staðilegri fyrirtækjum landsins